



Stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu

Viðfangsefni Að kynna stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu

Lýsing á verkefni

1. Veldu þér stofnun eða fyrirtæki í Bláskógabyggð til að skrifa um og taka myndir af
2. Aflaðu þér upplýsingar um
 - Hvenær húsið var byggt, eru til eitthvað skemmtilegt frá byggingasögunni?
 - Frásögn, myndir?
 - Hvaða starfsemi hefur verið/er í húsinu
 - Hverjir nýta í húsið?
 - Á húsið sér sérstaka sögu, skráðu hana.
 - Eru til drauga eða skemmtisögur um fyrirtækið eða stofnunina
3. Eru til einhverjar myndir af húsinu eða stafseminni,
 - Fáðu þær lánaðar og skannaðu á tölvuna
 - Þú gætir einnig tekið stafrænar myndir og sett á tölvuna
4. Fyrir hvað stendur stofnunin eða fyrirtækið? Segðu hvaða starfsemi er stunduð í fyrirtækinu eða stofnunni
5. Á hvaða sviði er starfsemin?
6. Er eitthvað fleirra markvert sem væri gaman að taka fram og segja frá

Heimildir

- Leitaðu til þeirra sem vinna í húsinu og þeirra sem hafa unnið í húsinu
- Skrifaðu skrifstofu Bláskógabyggðar og spurðu um heimildir
- Leitaðu til skipulags og byggingafulltrúa Árnassýslu (á Laugarvatni)
- Prófaðu að nota leitarvél á Netinu og sjá hvort þú finnur eitthvað þar um húsið
- Athugaðu á bókasafninu í skólanum þínum og næstu skólum, einnig á Bókasafni Selfoss

Skil Til umsjónarkennara eða vefstjóra **Aldur** 9.- 10.bekkur

Áhöld og tæki

- Ef þú tekur viðtal er gott að hafa upptökutæki, blað og blýant
- Skráðu niður viðtalið, biðu viðmælandann að lesa það yfir
- Lagaðu og leiðréttu viðtalið. Mundu að gefa verkinu heiti og skráðu höfundinn.
- Þegar þú tekur myndir þarftu stafræna myndavél og minnisblöð og blýant til að skrifa hjá þér
- Settu myndirnar inn á tölvuna og veldu þær sem þér þykja bestar

Frágangur verkefnis

- Skilaðu skriflega í Wordskjali, verdana og 12 punkta
- Myndirnar þurfa að vera í stærðinni 400 X 300 pixlar, í .jpeg formi, muna að merkja myndirnar og setja inn á heimasvæðið
- Einnig er hægt að búa til myndasögu í t.d. Photostory með myndum af húsum eða nota annað sambærilegt forrit

Tilvísun í námsskrá 2007

Upplýsingatækni:

Miðað er við áfangamarkmið í upplýsingamennt við lok 7.bekkjara (bls.11) um tæknilæsi og upplýsingalæsi
Miðað er við áfangamarkmið með tölvunotkun við lok 7.bekkjara (bls.17) um viðhorf, tölvulæsi og beitingu tölva

Lífsleikni:

Miðað er við áfangamarkmið í lífsleikni við lok 10.bekkjara (bls.15)

Samfélagsgreinar:

Miðað er við almenn markmið (bls.7) og við áfangamarkmið í samfélagsfræði um skóla og heimabyggð í samfélagsfræði (bls.11)